



## Pingvallanefnd

---

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Forsætisráð­herra – Bréf – Ljósrit – Pingvellir – Pingvallanefnd –  
Ráð­herrabústaðurinn – Birgir Thorlasíus – Þorsteinn Sveinsson – Jón Bergsteinsson – Tómas Vigfússon  
– Páll Valdason – Húsameistari Ríkisins

## *Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

**Einkaskjalasafn nr. 360**

**Stjórn­málamaðurinn**

Askja 2-32, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sjúna forroð.

Dingvellir, - Páll Valdason.

Samkvæmt skýrslu Jóns Bergsteinssonar og  
Tómasar Vigfússonar 18. jan. 1965, um framkvæmdir  
við ráðherrabústaðinn á Þingvöllum, hafa Páli  
Valdasyni verið greiddar fyrir eftirlit 1964 kr. 31.293,70  
en samkvæmt bréfi húsameistara 27. apríl s.l.  
nemur greiðslan til Páls - 13.916,-

Mismunur kr. 17.377,70

Húsameistari skýrir mismuninn þannig í bréfi  
í gær:

- (1) Vinna greidd 1964, en tilheyrandi  
1963 og talin með því ári ..... kr. 6.000.-
- (2) Færð hafði verið á nafn Kaupfélags  
Árnesinga greiðsla, sem við nánari  
athugun kom í ljós að tilheyrði P.V. " 7.740.90
- (3) Jón Bergsteinsson og Tómas Vigfús-  
son hafa hinsvegar oftalið Páli til tekna  
kr. 3.636.80  
kr. 17.377.70

5. maí 1965,

B. M.

r:  
-  
200



# ÞINGVALLANEFND

Reykjavík, 4. maí 1965.

Samkvæmt beiðni hins háa ráðuneytis, var upplýst með bréfi dags. 27. apríl s.l. hvað Páll Valdason vann við Ráðherrabústaðinn á Þingvöllum árið 1964 og komist að þeirri niðurstöðu að sú upphæð væri kr. 13.916,00.

Samkvæmt skýrslu um framkvæmdir við sama bústað frá Tómasi Vigfússyni og Jóni Bergsteinssyni var Páll Valdason talinn hafa unnið við eftirlit fyrir kr. 31.293,70. Mismunurinn á þessum tveim upphæðum er því kr. 17.377,70 og hefur nú verið farið í fylgiskjöl öll varðandi bústaðinn og þá komið eftirfarandi í ljós er skýrir þetta mál:

Fylgiskjal nr. 912 er yfir vinnu við bústaðinn árið 1963 að upphæð kr. 6.000,00 greiddur í marz 1964, en ekki tilheyrandi því ári og þessvegna ekki talinn með því á skýrslunni.

Fylgiskjal nr. 1221 er í undirbók fært undir nafn Kaupfélags Hafnfirðinga og upphæðin alls kr. 11.584,65. Við fyrri yfirferð var farið eftir undirbókinni en ekki flett öllum fylgiskjölum, og því var þessi reikningur ekki talinn með tilheyrandi Páli Valdassyni, þar hefði átt að standa hjá bókara, Kaupfélag Hafnfirðinga o.fl. eða jafnvel nöfn allra þeirra er þar er um að ræða, og þá hefði heldur ekki komið til þessara mistaka sem hér er beðið velvirðingar á.

Tómas og Jón hafa talið Pál Valdason fyrir kr. 11.377,70 af þessum reikningum og þar með fengið út þá upphæð alls sem þeir gáfu upp. Af því á Páll sjálfur kr. 7.740,90, en aðrir sem hér segir: Kristín Bjarnadóttir v./ hreingerninga alls kr. 541,55, Ólafur Ólafsson v./ viðhalds við girðingar kr. 1.024,00 og loks Hildegaard Valdasson v./ hreingerninga og ýmisl. fl. kr. 2.071,25.

Ég vona að þessar upplýsingar nægi hinu háa ráðuneyti og þar upplýsi að fullu þá niðurstöðu er þarf í þessu máli.

Með sérstakri virðingu,

f. h. Þingvallanefndar  
Drott. Sveinsson  
e. n.



PIINGVALLANEFND

Sjua forsetisrit  
28/4'65,  
Ply.

Reykjavík, 27. apríl, 1965.

Samkvæmt ósk hins háa ráðuneytis skal það upplýst, að Páll Valdason, byggingameistari, hefur á árinu 1964 unnið íhlaupavinnu við Ráðherrabústaðinn á Þingvöllum fyrir alls kr. 13.916,00.

Páll er gjörkunnugur á Þingvöllum, enda gengt þar ýmsum eftirlitsstörfum í fjölda ára m.a. starfi þjóðgarðsvarðar um tíma. Þessvegna áleit framkvæmdarstjóri Þingvallanefndar, Hörður Bjarnason, Húsameistari ríkisins, vel til fallið að ráða Pál þannig til eftirlits með bústaðnum, að leit, mætti til hans ef þurfa þætti til allskonar íhlaupavinnu, og hefur það vel gefist.

Vinna Páls við Ráðherrabústaðinn á Þingvöllum árið 1964 var viðhald á girðingu umhverfis húsið, viðhald á húsinu sjálfu, akstur með smíði og verkamenn, vinna við trjágróður á staðnum og ýmis önnur þjónusta, m.a. að sjá um upphitun bústaðarins, hreingerningu o.fl. Tímavinna hans var reiknuð á kr. 52,- til jafnaðar, og akstur til Þingvalla með efni o.fl. hver ferð á kr. 500,-.

Páll hefur samþykkt að leita mætti til hans einnig á þessu ári í samskonar tilfellum.

Með virðingu,

f. h. Þingvallanefnda  
Drott. Sveinsson  
e. u.

Til Forsætisráðuneytisins,  
Reykjavík.



Þingvellir, -

Páll Valtason.

Skv. skiptur dórs Dæpteyrnanna o. fl.  
hafa ~~þann~~ Páli Valtasoni umtvegið  
kr. 31.293,70

þann eftirlit, en  
skv. upplýsingum þing-  
vallarneft 13.916,-

Misvandi kr. 17.377,70

Hort eldur minn. 2  
M

Páll Valtason.  
vann. kottinn minn. 14/10/68?

11.11.68

11.11.68

þingv.

þingv. & þingv.

þingv.

þingv. minn 2

## SKÝRSLA

um framkvæmdir á endurbótum, nýhyggingu og lögum lóðar við ráðherraíbústaðinn á Þingvöllum, framkvæmdir á tímbílinu frá 11. maí til 12. júlí í sumar leið.

Serkræmt tilnefnum Þjarna Benediktssonar, forsetisráðherra og Gunnars Thoroddsen, Tíðmálaráðherra, höfum við undirritaðir athugað kostnað, er orðið hafur á þessum framkvæmdum.

Hinn 8. nóvember s.l. fóru á staðinn Tómas Vírfússon og Magnús Jóhannesson, eftirlitsmáður hjó húsaameistara ríkisins. Athugað var, það sem vert hefði verið, er það er:

1. Byggt hús úr tiahri að stærð 30,16 m<sup>2</sup> og 105,73 m<sup>2</sup> fyrir utan grunn. Húsið er ætlað fyrir gesti. Einnig hefði verið gerð rothró nokkura metrum í austur frá húsinu.
2. Byggt hefði verið utan um spennistöð, gerð geymsla fyrir brennsluolíu og safnaður bátanellur. Einnig framkvæmdir viðgerðir innanhúss: á eldra húsinu, svo sem eldhússinnurétting löguð, látinn kæliakápur, rafmagn stórbætt og sáðrar einni lagfæringar.
3. Utanhúss hefur bifreiðastaði verið stökkað, heimakstur lagaður, lagaðr hellur á gongbrautir. Einnig hefði lóð um húsin verið bætt mikið, hluti af henni verið tyrðður að nýju og tré verið sett í lóðina.

Þann 14. nóvember s.l. var eftur farið á staðinn og þá af Jóni Bergsteinessyni, Tómasi Vírfússyni og Magnúsi Jóhannessyni til frekari athugasna. Þann dag tókum við á móti greiddum og ógreiddum reikningum fyrir umræddar framkvæmdir.

Við höfum átt nokkra fundi með eftirtöldum aðilum um málið: Herði Bjarnasyni, húsaameistara ríkisins, Magnúsi Jóhannessyni, eftirlitssmanni húsaameistara og Erlínu Reyndal, byggingameistara.

Hinn 14. janúar s.l. fóru eftirtældir aðilar á staðinn til eor frekari athugasna: Magnús Jóhannesson, Erlínur Reyndal, Jón Bergsteinesson og Tómas Vírfússon.



Við höfum reynt að sundurgræna hvert verk fyrir sig samskipt framlögna reikningum og leiðna við að kostnaðurinn sundurliðist þannig:

1. Gestahús ásamt rothró.....	Kr.	824.469,90
2. Endurbætur á eldra húsi ásamt bátapalli og spennistöð.....	"	240.251,87
3. Endurbætur og standsetning á lóð....	"	151.831,96
4. Ýms kostnaður, er við höfum undir rekstur.....	"	72.990,54

Samtals Kr. 1.289.544,27

Hér fer á eftir frekari sundurliðun framskræindra upphæða:

Gestahús, rothró:

Akstur með rauðanöl í grunn.....	Kr.	43.877,00
Loftpressa og krani.....	"	26.177,92
Múrverk.....	"	7.980,88
Blikksmíði.....	"	14.390,00
Vatns- og hreinlætislaanir.....	"	21.959,40
Málning.....	"	13.037,85
Rafmagn og þilofnar.....	"	39.523,86
Timbur.....	"	104.692,95
Steypa og múrefni.....	"	22.252,04
Gler.....	"	15.719,85
Rör í rothró og leiðslur.....	"	4.730,00
Hörplötur.....	"	5.725,45
Einangrunarplast.....	"	8.500,00
Pappi.....	"	9.067,00
Ýms smávara og annað efni.....	"	30.794,42
Spónn.....	"	14.163,00
Vinna við spónlagn.....	"	9.474,00
Festar innréttingar.....	"	88.785,14
Útidyraburð með karki.....	"	10.513,00
Lampar og útiliós.....	"	5.115,00
Vinnulaun frá E. Reyndal (smíðir og verkam.).	"	266.626,04
Matur.....	"	41.769,19
	Kr.	814.874,00
+ Innbú, sem ekki er reiknað í bygg.kostn...	"	32.395,90
	Kr.	847.269,90
- Timburafgangur fluttur til Reykjavíkur....	"	22.800,00
	<u>Samtals ar.</u>	<u>824.469,90</u>



### Eldra húsið:

Akstur.....	Kr.	4.000,00
Múrverk (viðgerðir).....	"	3.975,20
Málning.....	"	4.410,00
Viðgerð á eldhúsinnréttinu (vinna og efni)..	"	19.616,53
Hreinlætis- og vatnslögn.....	"	6.686,60
Raflögn (vinna og efni).....	"	46.851,28
Timbur.....	"	15.000,00
Viðgerðir á húsgögnunum.....	"	43.297,80
Kæliskápur.....	"	37.995,00
Lampi.....	"	1.959,00
Ýms smávara.....	"	1.958,00
Fæði.....	"	10.151,26
Vinnulaun E. Reyndal (smíðir og verkmennt)...	"	44.350,70
		<u>Samtals Kr. 240.251,87</u>

### Lóðarstöndgætnir:

Akstur.....	Kr.	19.418,00
Steinar við breutir og hellur.....	"	30.686,00
Þökur.....	"	7.500,00
Plöntur.....	"	1.350,00
Jarðvinnsluvól.....	"	8.481,55
Vinna.....	"	72.351,79
Fæði.....	"	12.044,60
		<u>Samtals Kr. 151.831,96</u>

### Rekstur:

Akstur.....	Kr.	3.730,34
Viðgerð á bátamótor.....	"	10.541,00
Frostlögn.....	"	10.060,00
Ýmislegt.....	"	17.365,50
X Eftirlit, Páll Valdason.....	"	31.293,70
		<u>Samtals Kr. 72.990,54</u>

### Gestahúsið:

Byggingarkostnaður þess er mjög hár, en þó getum við ekki séð annað en að efnisnotkun sé eðlileg að öðru leyti en því, að það er um 200 fet<sup>3</sup> af timbri, sem er að verðmæti um kr. 22.800,00, er við fórum ekki séð að hafi verið eytt í bygginguna. Erlingur Reyndal upplýsti, að slattar af timbri hafi verið fluttir til Reykjavíkur og afhentir eftirlitsmanni húsameistara ríkisins án þess að hann (þ.e. Erlingur Reyndal) hafi mátt það sérstaklega og færum við það gestahúsinu til lakkunar. Þessar innréttingar og spórlögn á veggpiljum ásamt innbúni er framkvæmt á verkstaði. Það er stór upphæð, en þó ekki dýrara en vill verða frá verkstaðum, er þá hluti framleiða. Vinna framkvæmd af Erlingi Reyndal eru stórar upphæðir í krónum. Um þó vinnu



má segja, að hún er vegna mikillar eftir- og helgidagavinnu um 30 - 35% hærri miðað við tímafjölda, en við venjulegar byggingafrankvæmdir. Um tímakaup manna E. Reyndals er það að segja, að það er allsstaðar það besta, sem greitt er. Þó styðjast allar tímakaupsreiðslur við texta, er félag húsmíða- og múrarameistara gefu út í maí og júlí í sumar leið. Í byggingerkostnaðinum er einnig faðiskostnaður.

#### Eldra húsið:

Endurbætur á því húsi eru dýrar. Þar vekur eftirtækt endurnýjun á raflögn, viðgerðir á húsgögnun og vinnulaun

Aðal orsakir hins mikla kostnaðar við frankvæmdirnar eru að okkar dómi, hvað umið hefur verið sundurlaust við frankvæmdirnar og kemur það niður á tímafjöldi, þar að menn fá tíma greidda fyrir ferðir og vinnuafköst lskari. Þessa virðist einnig gæta á öllum akstri, jarðvinnuvélum, raflögn og fleiri striðum.

Samtals tímar smíða og verkamanna hjá Erlingi Reyndal skiptast þannig:

Dagvinna 1351 kl., eftirv. 306 kl., helgid.v. 1579 kl.  
Meðalkaup er um kr. 96,00 pr. útseldan tíma.

Við söra vinnu er einnig mikil eftirvinna og natur- og helgidagavinna, þó tæplega eins mikil og hjá smíðum og verkamönnum.

Raflagnavinna Þorsteins Sætran skiptist þannig:

Dagvinna 322 kl., eftirvinna 64 kl., helgidagav. 206 kl.

#### Lögun á lóð og rekstur:

Við höfum fært sér reikninga, er okkur þykir falla undir rekstur, en ekki viðgerðir eða nýbyggingu. Vinna við lóðarstandsetningu skiptast þannig:

Dagvinna 541 kl., eftirvinna 112 kl., helgidagav. 300 kl.

Um áætlun þá, sem skrifuð er á teikningu af gæstehúsinu dags. 17/4 1964 er það að segja, að hún er að okkar dómi alltof lág.

Sækvæmt viðtölu við Hörð Björnsson, húsameistara ríkisins, Magnús Jóhannesson, eftirlitsmann og Erling Reyndal kemur fram, að óskað var eftir að verkun væri hraðað.



Var því verkinu hegað þannig, að ummin var mikil eftir- og  
restur og helgidagavinnur. En vegna gannavöntunar unnið  
mjög sundurlaust, aðallega seinni hluta viku og svo um  
helgar. Hefur byggingaeftirliti hjá húsaameistara ríkisins  
því verið ~~því~~ ljóst, hvernig verkið var unnið. Hefur  
sú vinnuáferð, sem hér hefur átt sér stað, aukið mjög kostnaðinn.  
Gildir þetta um alla vinnu trésmiða, verkamanna, múrara og  
garðyrkjumanna.

Reykjavík, 18. janúar 1965.

Tommas Djófusson  
Fon Bergsteinn